

VIÐMIÐ VEGNA GRUNNMÖNNUNAR OG VERKLAG VEGNA FÁLIÐUNAR

Leikskólar Þingeyjarsveitar

I. Inngangur

Við útreikning grunnmönnunar í leikskóla er notast við viðmið sem eru reiknuð út frá barngildum. Barngildi er reiknað út frá aldri hvers barns en heildarmönnun leikskóla fer svo eftir samsetningu og þörfum nemendahóps, samsetningu menntunar og reynslu starfsfólks og starfs- og námsumhverfi.

Mönnun leikskóla er samstarfsverkefni stjórnenda leikskóla og fjölskyldusviðs. Til að samráðið sé skilvirkt eru sett eftirfarandi viðmið til útreiknings á grunnmönnun leikskóla Þingeyjarsveitar.

Verklag vegna fáliðunar er unnið út frá þeim viðmiðum, en það geymir leikreglur um þau úrræði sem leikskólastjóra ber að grípa til, verði ekki hægt að tryggja lágmarksmönnun skv. fyrrgreindum reglum.

Markvissar verklagsreglur um samráð um mönnun leikskólans eru mikilvægar svo umboð leikskólastjóra verði afdráttarlaust til að taka ákvörðun um barnafjölda í leikskólum hverju sinni.

II. Barngildi

Til að greina mönnunarþörf við leikskólann eru notuð svokölluð barngildi til viðmiðunar. Barngildi taka mið af aldri barnanna á leikskólanum.

Miðað er við að áætla þurfi að lágmarki **1 stöðugildi** fyrir hver **8 barngildi** (4-8 börn) sem er þá grunnmönnun á deildum leikskólans (án undirbúnings og vinnutímastyttingar).

*Aldur	1 árs og yngri	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
Börn á stöðugildi	4 börn = 1 stg	5 börn = 1 stg	6 börn = 1 stg	7 börn = 1 stg	8 börn = 1 stg
Barngildi	2	1.6	1.3	1.1	1

*Miðað við að hausti

Að jafnaði er því gert ráð fyrir eftirfarandi fjölda barna á hvern starfsmann hverju sinni, sem er þó mismunandi innan dagsins eftir verkefnum og samsetningu nemendahóps:

- 1 árs – 4 börn að jafnaði á hvern starfsmann
- 2 ára – 5 börn að jafnaði á hvern starfsmann
- 3 ára – 6 börn að jafnaði á hvern starfsmann
- 4 ára – 7 börn að jafnaði á hvern starfsmann
- 5 ára – 8 börn að jafnaði á hvern starfsmann

III. Reglur um stuðning og sérkennslu

Til viðbótar við grunnmönnum út frá barngildum bætist við stuðningur við einstök börn sem þurfa á honum að halda vegna sérþarfa, sbr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

IV. Fáliðun

Verklagsreglur

Fáliðun telst vera þegar fáir starfsmenn eru við vinnu miðað við fjölda barna/barngilda hverju sinni út frá ofangreindum barngildisviðmiðum.

Viðmið leikskólans er að börn fari ekki yfir 8 á hvern starfsmann, o.s.frv. sbr.

ofangreind viðmið, þegar unnið er eftir dagskipulagi. Fáliðun getur skapast þegar ekki næst að ráða leikskólakennara/starfsmann eða þegar margir starfsmenn eru forfallaðir. Ef grípa þarf til þessarar áætlunar er það fyrst og fremst gert til að:

- Tryggja öryggi barna og starfsfólks
- Leikskólinn geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum og aðalnámskrá
- Fyrirbyggja aukið álag á starfsfólk leikskólans

Ástæður

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsfólks orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið veikindi starfsfólks eða fjölskyldumeðlima, verkföll og aðrar skyndilegar og ófyrirséðar aðstæður.

Undirmönnum telst þegar barnafjöldi á starfsmann fer yfir þau viðmið sem rekstraraðili setur um barnafjölda og er í samræmi við viðmið sem almennt gilda í leikskólum á Íslandi. Ávallt skal skoða hlutfall starfsmanna og þeirra nemenda sem mættir eru í skólann hverju sinni.

Aðgerðir

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma vegna fáliðunar skoða skólastjórnendur hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi. Slíkar ráðstafanir eru eingöngu til skamms tíma. Litið skal til eftirfarandi þátta:

- Deildir/hópar sameinist og húsnæði nýtt sem best til að koma til móts við barnahópin.
- Afleysingastarfsfólk fer á milli deilda eftir þörfum.
- Dregið úr skipulagðri sérkennslu tímabundið.
- Kennarar fresta undirbúningstíma eða vinna hann í yfirvinnu.
- Starfsfólk í hlutastarfi lengir daglegan vinnutíma sinn sé þess kostur og fær greidda yfirvinnu.
- Starfsfólk sleppir kaffitímum og fær þá greidda í yfirvinnu.
- Frestað er að taka inn ný börn.
- Matreiðsla er einfölduð ef eldhússtarfsfólk vantar til starfa.

Í eftirfarandi töflu eru viðmið um aðgerðir út frá barngildum sem grípa getur þurft til þegar fáliðun verður og ennfremur ef yfirmönnun verður vegna fækkunar barna.

STAÐA	VIÐMIÐ	AÐGERÐ
YFIRMÖNNUN	Fjöldi barngilda á hvert stöðugildi eru um 7,5 eða lægri.	Nýta svigrúm til aukins undirbúnings, teymisvinnu eða annars samráðs.
JAFNVÆGI	Fjöldi barngilda á hvert stöðugildi eru um 7,5-8,5.	Eðlilegt ástand.
GRÆNT	Fjöldi barngilda á hvert stöðugildi eru um 8,5-10,5.	Stjórnendur leysa málið innan deilda/hússins með tilfærslu starfsfólks.
GULT	Fjöldi barngilda á hvert stöðugildi eru um 10,5-13,5.	Stjórnendur virkja heimild til yfirvinnu, óska eftir að starfsfólk vinni umfram sinn vinnutíma. Óskað eftir að foreldri sækir fyrir ef það er mögulegt. Tilkynt til sviðsstjóra fræðslusviðs.
RAUTT	Fjöldi barngilda á hvert stöðugildi langt yfir viðmiðum.	Stjórnendur virkja heimild til að skerða vistunartíma barna og jafnvel loka deildum. Óskað eftir að foreldri sækir fyrir ef það er mögulegt. Tilkynt til sviðsstjóra fræðslusviðs.

þurfi að skerða dvalartíma nemenda, skal dreifa skerðingunni eins og kostur er. Sé um einföldun á starfsemi skólans að ræða eða dvalartímar nemenda eru skertir, skal ákvörðun um það tekin af skólastjóra/leikskólastjóra og deildarstjórum. Leikskólastjóri/deildarstjórar leggja til með hvaða hætti skerðing og einföldun verði.

Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu á þjónustu leikskólans, skulu börn Starfsfólks sem er í vinnu ekki send heim.

Samskipti við foreldra

Hringt verður í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Ef ekki næst í foreldra þá verða send skilaboð í gegnum það kerfi sem leikskólinn notar og búið er að kynna foreldrum. Skólastjóri og/eða staðgengill sjá um að hafa samband. Reynt er að haga málum þannig að systkini fari heim sama daginn.

Reynt skal að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal reynt að gefa foreldrum aðvörðun ef líkur eru á neyðarástandi, en leikskólinn áskilur sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegrar undirmönnunar.

Samskipti við stjórnslu

Skólastjóri og/eða staðgengill tilkynna sviðsstjóra fjölskyldusviðs um aðgerðir samkvæmt viðmiðum þessum.

Samþykkt á 11. fundi fræðslu- og velferðarnefndar þann 14. júní 2023.
Staðfest 28. fundi sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 22. júní 2023.